

Langanesbyggð
B.t. Sveitastjórnar Sveitarfélags
Langanesvegi 2
680 Þórshöfn

Sauðárkrókur, 09. september 2026

Efni: Úttekt á Slökkviliði Langanesbyggðar

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tryggir samræmingu slökkvistarfs og eldvarnareftirlits um land allt. Í því skyni skal stofnunin gera sjálfstæðar athuganir og úttektir með það að markmiði að leiðbeina sveitarstjórn um þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi slökkviliða skv. 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

HMS framkvæmdi úttekt á Slökkviliði Langanesbyggðar þann 14. apríl 2026. Markmiðið var að staðreyna hvort starfsemi slökkviliðsins væri í samræmi við lögbundnar kröfur, brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og leiðbeina sveitarstjórn um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Leitað var umsagnar slökkviliðsstjóra við úttektina og tekið mið af athugasemdum hans við niðurstöðu hennar.


Hjálagt fylgir niðurstaða úttektar ásamt leiðbeiningum um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Þar kemur fram að 1 af 31 úttektaratriðum eru metin óásættanleg. HMS telur nauðsynlegt að sveitarfélagið ráðist í viðeigandi úrbætur og leggi framúrbótaáætlun sem tekur til athugasemda stofnunarinnar.

Bent er á að sveitarfélög geta uppfyllt lögbundnar skyldur sínar um rekstur slökkviliðs með samstarfi við önnur sveitarfélög eða með samrekstri sameiginlegs slökkviliðs, sbr. 14. gr. laga um brunavarnir. Með slíku samstarfi skapast rekstrarleg tækifæri til samnýtingar á mannskapi, búnaði og tækjum, sem gerir sveitarfélögum betur kleift að standa undir lögbundnum skyldum sínum. HMS er reiðubúið að veita sveitarfélaginu nánari leiðbeiningar og aðstoð í þeim efnum.


Telji HMS að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum um brunavarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það til ráðuneytis, sbr. 33. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar



Bjarni Höskuldsson,
Sérfræðingur á brunavarnasviði



Valur Valsson,
Sérfræðingur á brunavarnasviði

Afrit sent: Slökkviliðsstjóra

Úttekt á vegum Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar Slökkviliði Langanesbyggðar

14. apríl 2026

Úttektaraðilar: Bjarni Höskuldsson og Valur Valsson

Hér fyrir neðan eru samandregnar þær athugasemdir sem gerðar voru við úttektina. Litakóði í mati gefur til kynna alvarleika athugasemda að mati sérfræðinga HMS.

	Í lagi
	Lítið frávik
	Þarfnast úrbóta
	Mikið frávik
	Óásættanlegt

1. Húsnæði

Húsakostur

Þarfnast úrbóta

Bakkafjörður er í raun bara bílgeymsla en ekki slökkvistöð. Þórshöfn er í nokkuð góðu standi og stendur til að framkvæma næstu vikur. Gera hreint og óhreint svæði, afeitrunarklefi, kvennaklefi.

Viðhald húsnæðis

Í lagi

Viðhald hefur verið með ágætum.

Er aðstaða til að geyma hlífðarfatnað

Í lagi

Ljómandi góð aðstaða til geymslu hlífðarfatnaðar.

Er aðstaða til að þrifa hlífðarfatnað og annan búnað

Lítið frávik

Hreint og óhreint svæði í byggingu.

Er aðstaða til að þrifa mannskap (Hrein/óhreint svæði)

Lítið frávik

Afeitrunarklefi (Sauna) á leiðinni og kynjaskipting á búningsaðstöðu er til skoðunar.

2. Þjálfun mannskaps

Slökkviliðsmenn

22

Lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna í útkallsliði slökkviliðs skal ákveðinn í brunavarnaáætlun sveitarfélags út frá áhættum í sveitarfélaginu, sbr. 22. gr. Að lágmarki skal þó miða við að í stærri aðgerðir komi innan 30 mín: slökkviliðsstjóri, 4 stjórnendur og 16 almennir slökkviliðsmenn.

Menntun

21 slökkviliðsmenn uppfylla menntunarkröfur og hafa lokið grunnnámi slökkviliðsmanna.

Í lagi

Almennar æfingar

Einungis tvær æfingar skráðar á þessu ári sem er ekki nóg til að slökkviliðið viðhalda hæfni sinni með reglubundnum æfingum.

þarfnast úrbóta

Æfingaáætlun

Æfingaáætlun til staðar (til á hóp á samfélagsmiðlum).

þarfnast úrbóta

3. Hlíðarföt og persónubúnaður**Ástand hlíðarfatnaðar**

Ástand hlíðarfatnaðar er gott.

Í lagi

Ástand persónubúnaðar

Ástand persónubúnaðar er gott.

Í lagi

4. Reykköfun**Reykkafararéttindi**

Átta slökkviliðsmenn hafa gild reykköfunarréttindi. Til þess að menn hafi gild reykköfunarréttindi þurfa þeir að hafa sex virkar æfingar sl. 12 mánuði og þrjár klukkustundir í virkri reykköfun undir þrýstingi. Síðan þarf læknisskoðun að vera í gildi og gilt þrekpróf. Að lokum þurfa menn að hafa menntunarkröfur í lagi.

Í lagi

Læknisskoðun

19 starfsmenn eru með gilda læknisskoðun.

Í lagi

Þrekpróf

9 starfsmenn eru með gilt þrekpróf.

Í lagi

Menntunarkröfur fyrir reykköfun

19 starfsmenn hafa menntun til reykköfunar og eiturefnaköfunar.

Í lagi

5. Reykköfunarbúnaður

Er reykköfunarbúnaðurinn yfirfarinn sérstaklega á 12 mánaða fresti (lágmark) og skoðuð á 2 ára fresti hjá viðurkenndum aðila og er haldin skrá um það

Í lagi

Eru loftkútar skoðaðir reglulega (5ár) athuga líftíma

Í lagi

Er skráning slysa og óhappa sem verða við reykköfun send til HMS fyrir 1. mars ár hvert

Í lagi

Hefur loftpressan verið tekin út af HMS og er skráning sýnatöku á loftgæðum

Loftgæði mæld árlega.

Í lagi

6. Slökkvibifreiðar

Ástand slökkvibifreiða

Ástand ökutækja ágætt en huga má að endurnýjun vegna aldurs.

Í lagi

Eru ökutæki og búnaður prófaður reglulega

Daglega á Þórshöfn.

Í lagi

Klippibúnaður - Endingartími á slöngum í vökvaklippum

Rafmagnsklippur á Þórshöfn en glussi á Bakkafirði með nýlegum slöngum.

Í lagi

Hefur vinneftirlitið tekið út körfu/stigabílinn

Á ekki við

Hefur mannskapur viðeigandi réttindi

12 með meirapróf

Í lagi

7. Brunavarnaáætlun

Virk Brunavarnaáætlun

Brunavarnaáætlun hefur hlotið samþykki HMS og vantar undirritun sveitarstjórnar.

Lítið frávik

Framkvæmdaáætlun

Gamla áætlunin gekk ekki upp.

Óásættanlegt

8. Eldvarnareftirlit

Samvinna við byggingarfulltrúa

Góð að sögn slökkvistjóra.

Í lagi

Skoðunaráætlun – skýrsla síðasta árs

Í lagi

Skoðunaráætlun fyrir 2026 - Alls fasteignir

35

Skoðunaráætlun 2026 - Lokið

Af skoðunaráætlun er 1 lokið, 34 ólokið auk þess eru 0 skoðanir í vinnslu.

2,9%

Skoðunaráætlun 2026 - Í vinnslu

0,0%

Beiðni um umsögn 2026

8

Yfirferð teikninga 2026

0

Öryggis- og eða lokaúttekt 2026

2

0 öryggisúttektir - 2 lokaúttektir.

Skoðanir ársins 2025

0%

Skiluð var skýrsla til HMS þar sem kemur fram að farið var í 3 reglubundin eftirlit. HMS mælir með að gera áætlanir í Brunaverði framvegis og skrá skoðanir þar.

9. Sértaekur búnaður

10. Lögbundin hlutverk slökkviliða

Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss

Í lagi

Slökkvistarf innanhúss og reykköfun

Í lagi

Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun

Í lagi

Hefur tvo eiturefnagalla.

Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum

Í lagi

Eldvarnaeftirlit og forvarnir

Lítið frávik

Fáar skoðanir það sem af er ári.